



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tillögur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 1. nóvember 2023, var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tillögur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, sbr. 36. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs frá 4. október 2023:

Tvær tillögur eru lagðar fyrir fund umhverfis- og skipulagsráð og koma þær báðar frá íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis, sú fyrri um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar og sú síðari um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut. Þetta eru tvö umfangsmikil mál, sérstaklega sú fyrri sem varðar alla í hverfinu? Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort íbúaráðið hefur heyrt í íbúum og afstöðu þeirra? Hefur verið gerð könnun á t.d. hugmyndum íbúanna um framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis með tölvubréfi þann 3. nóvember 2023.

Svar íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis:

Í fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í umhverfis- og skipulagsráði um tildrög tveggja tillagna íbúaráðs Háaleitis- og Bústaða er spurt hvort íbúaráðið hafi sérstaklega heyrt í íbúum og afstöðu þeirra til efnis tillagnanna. Í stuttu máli er svarið nei, fyrir þessar tvær tillögur var ekki sérstaklega leitað álits hjá íbúum. Um leið er þó bent á að í íbúaráðinu sitja fulltrúar grasrótar í borgarhlutanum svo sem íbúasamtaka og foreldrafélaga grunnskólanna. Flestir íbúaráðsfulltrúar eru auk þess íbúar í hverfinu og þekkja vel til þeirrar umræðu sem varðar málefni hverfisins.

Tildrög þessara tveggja tillagna voru erindi sem bárust íbúaráðinu frá íbúum í hverfinu. Þau erindi voru tekin til umræðu á íbúaráðsfundi 29. ágúst sl. Í kjölfar umræðu fundarins var formanni ráðsins falið að vinna tvær tillögur sem lagðar voru fram á fundi íbúaráðsins 26. september sl. Voru báðar tillögurnar samþykktar samhljóma á fundinum.

Í nýlegri hugmyndaleit í Hverfið mitt lögðu íbúar fram fjölmargar hugmyndir er vörðuðu breytingar á og við Háaleitisbraut og bættar þveranir yfir Suðurlandsbraut. Þau verkefni voru að auki talsvert vinsæl þegar kom að kosningu. Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á umhverfi Háaleitisbrautar síðustu ár og margar hugmyndir þar á lofti. Er það álit íbúaráðsins



að mikilvægt sé að mótuð sé skýrari framtíðarsýn um götuna áður en frekari bútasaum við götuna er framhaldið. Stefna um lækkun á hámarkshraða niður í 40 km/klst á Suðurlandsbraut hefur þegar verið mörkuð í hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur, sem samþykkt var í apríl 2021. Leggur tillaga íbúaráðsins það einungis til að þeirri innleiðingu verði flýtt til að bæta öryggi óvarðra vegfarenda við götuna.

Með hliðsjón af ofangreindu er það túlkun íbúaráðsins að tillögurnar lýsi vel hug stórs hluta íbúa hverfisins til málefna Suðurlandsbrautar og Háaleitisbrautar. Að öðru leiti er vísað til greinargerða sem fylgja tillögunum þeim til rökstuðnings.